

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 122/1958. **Ákærvaldið** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Jónasi Guðmundssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til 255. gr. laga nr. 19/1940 og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.600,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jónas Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Páls S. Pálssonar, kr. 1.600,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. marz 1958.

Ár 1958, föstudaginn 14. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 773/1958: Ákærvaldið gegn Jónasi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 12. þ. m., er opinbert mál höfðað gegn Jónasi Guðmundssyni reiðhjólasmíð, Víðimel 69, en nú gæzlufanga í fangahúsinu hér í bæ, fyrir að hafa:

I. föstudagskvöldið 18. október sl., er ákærði var gestkomandi hjá Halldóri Þórðarsyni, Þverholti 18 H í Reykjavík, farið í jakkavasa nefnds Halldórs, er hann var sofandi, og tekið þar veski hans og stolið úr því kr. 20.500,00 í peningum,

II. fimmtudagskvöldið 28. nóvember sl. brotízt inn í vél-

smiðju Sigurðar Einarssonar í Mjólnisholti 14 í Reykjavík og sprengt þar upp peningaskáp og tekið úr honum kr. 300,00 í peningum svo og stolið þar klukku og rafmagnslóðbolta,

III. kvöld eitt skömmu eftir sl. áramót stolið kuldaúlpu úr forstofu bragga H-12 í Camp Knox,

IV. aðfaranótt sunnudagsins 23. febrúar sl. brotízt inn í kjötverzlunina Kjötborg h/f við Háaleitisveg og stolið kr. 17,85 í skiptimynt úr peningakassa verzlunarinnar.

Framangreind brot (I.—IV.) þykja varða við 244. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafízt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. desember 1910 að Tungu í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

1943 29/10 Siglufj. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamb.
 1947 27/7 — Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
 1952 12/12 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt, 753 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.

1953 6/3 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 7/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.

— 3/11 Reykjavík. Kærður fyrir skemmdarverk. Fellt niður.

— 20/12 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður samkv. ákv. 256. gr. hegningarl.

— 24/12 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun innan húss.

1954 18/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 11/5 Reykjavík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 2. mgr. 257. gr. hegningarlaga.

1956 24/1 Reykjavík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1957 16/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

— 20/11 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 21/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innan húss. Fellt niður.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Föstudagskvöldið 18. október f. á. kom ákærði til Halldórs Þórðarsonar, sem þá bjó í skúr nr. 18 H í Þverholti hér í bæ, en þeir þekkjast vel. Ákærði var með átekna áfengisflösku, og tæmdu þeir félagar úr henni. Ákærði náði síðan í aðra áfengisflösku, og drukku þeir félagar langt niður í hana. Urðu þeir drukknir af áfengisneyzlunni, og kom að því, að Halldór sofnaði í öllum fötum á dívan. Ákærði hafði heyrt utan að sér, að Halldór mundi eiga peninga, og þegar hann var sofnaður, datt ákærða í hug að athuga, hvort hann væri ekki með einhverja peninga á sér. Fór ákærði með hönd sína í innri jakkavasa Halldórs og tók fram veski, sem þar var. Ákærði leit í veskið og sá þá, að í því var stór bunki af fimm hundruð króna seðlum. Sló ákærði eign sinni á peningana án þess að telja þá og hafði þá á brott með sér. Hann keypti síðan eina flösku af áfengi og notaði til þess einn seðil af fyrrgreindum peningum. Því næst hélt hann heim til sín, neytti þar af áfengisflöskunni og lagðist svo til svefnis. Þegar hann vaknaði næsta morgun eða dag, datt honum í hug að fara til Halldórs og skila honum peningunum aftur, en áður en hann var kominn á fætur, komu lögreglumenn til hans og tóku hann fastan vegna grunar um töku nefndra peninga. Ákærði viðurkenndi brot sitt umsvifalaust og skilaði aftur peningunum, sem hann átti óeydda, en það reyndust vera kr. 20.200,00. Ákærði var búinn að eyða kr. 300,00 í áfengi og ökugjald, og hafði hann því tekið samtals kr. 20.500,00 frá Halldóri. Ákærði hefur nú staðið Halldóri einnig skil á nefndum kr. 300,00.

II.

Fimmtudagskvöldið 28. nóvember f. á. var ákærði nokkuð ölvaður hér í Austurbænum og datt þá í hug að fara inn í vélsmiðju Sigurðar Einarssonar að Mjólnisholti 14 hér í bæ til að vita, hvort hann mundi ekki finna þar einhver verðmæti til að slá eign sinni á. Hann komst inn í smiðjuna um annaðhvort ólæstar eða illa læstar dyr. Hann sá peningaskáp inni í skrifstofunni, og fór hann með skápinn út í vinnusal smiðjunnar og reyndi að opna skápinn með logsuðutækjum, sem þar voru. Það tókst ekki, en hins vegar gat hann sprengt skápinn upp með hamri og meitli. Í skápnum reyndust vera kr. 300,00 að sögn ákærða, en kr. 200,00 að sögn fyrrnefnds Sigurðar Einarssonar, og sló ákærði eign sinni á peningana. Ákærði sló einnig

eign sinni á klukku í skrifstofunni og rafmagnslóðbolta í vinnusalnum. Hann hélt síðan á brott út úr húsinu með muni þessa og peninga. Hann eyddi peningunum til eigin þarfa, en lóðboltann og klukkuna geymdi hann heima hjá sér. Vísaði hann á muni þessa, þegar hann játaði brot sitt fyrir lögreglunni í sl. mánuði.

III.

Kvöld eitt stuttu eftir sl. áramót, líklega laugardaginn 5. eða sunnudaginn 6. janúar sl., gekk ákærði undir áhrifum áfengis um Camp Knox hér í bæ. Hann sá, hvar hurð á bragga einum var opin, og logaði þar ljós, en þetta var bragginn H 12. Ákærði leit inn í forstofuna og sá þá, hvar kuldaúlpa hékk þar á snaga. Sló hann eign sinni á úlpuna, fór í hana og notaði hana síðan, en klippti ofan af hettu hennar. Í sl. mánuði viðurkenndi ákærði brot þetta fyrir lögreglunni og skilaði þá úlpunni, sem síðan var afhent eigandinum.

IV.

Laugardagskvöldið 22. f. m. var ákærði undir áhrifum áfengis hér í bænum. Seint um kvöldið eða um nóttina fór hann inn á Háaleitisveg og ætlaði að hitta þar fólk, sem hann þekkir. Þegar þangað kom, hætti hann við að hitta fólkið og datt í hug að brjótast inn í kjötverzlun Kjötborgar h/f við Háaleitisveg í því skyni að fá sér eitthvað að borða og slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna þar. Braut hann síðan upp bakdyrahurð í verzlunarhúsinu með því að spenna upp lásinn með járn, sem hann fann þar á staðnum. Fór hann svo inn í húsið og var þá kominn inn í geymslu verzlunarinnar. Þaðan komst hann svo inn í sjálfa verzlunina með því að brjóta upp hurð, sem þar var á milli. Brotnaði dyrakarmurinn á báðum stöðunum, en ekki sjálfar hurðirnar. Ákærði fann ekkert ætilegt í verzluninni. Hann braut þá upp peningakassa hennar með fyrrgreindu járn og sló eign sinni á peninga þá, sem þar voru, en það var einvörðungu skiptimynt, kr. 17,85. Tilkynnt hafði verið á lögreglustöðina um ferðir ákærða. Komu lögreglumenn á staðinn, og handtóku þeir ákærða inni í verzlunarhúsinu.

V.

Ákærði hefur með atferli því, sem lýst hefur verið í I.—IV. kafla hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra

hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 28. f. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi vist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Sigurður Einarsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.200,00, sem sundurliðast þannig: skemmdur peningaskápur kr. 3.000,00 og teknir peningar kr. 200,00, sbr. II. hér að framan. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi í 12 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 28. febrúar 1958 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Sigurði Einarssyni kr. 3.200,00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
